

AUGLÝSING

16

29. marz

um

staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir
Mosfellshrepp í Kjósarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 26, 8. september 1931, um breyting á lögum nr. 18 frá 20. október 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hérmeð staðfest eftirrituð

Lögreglusamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu.

I. KAFLI.

Friðun eigna o. fl.

1. gr.

Bönnuð er öll umferð óviðkomandi manna að nauðsynjalausum um lönd í sveitinni annars staðar en þar, sem vegir liggja, nema með leyfi landráðanda. Án leyfis landráðanda má og eigi tjalda né setjast að til verzlunar í sveitinni. Girðingum má eigi spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

2. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar í löndum né í landhelgi í sveitinni, svo sem beit, berjatöku, egg, veiðifugla eða fiska né annað, án leyfis landráðanda.

Um rekstra gegnum sveitina, á leið til útflutnings eða slátrunar, gilda ákvæði 44.—45. greinar fjallskilamálareglugerðar Kjósarsýslu, 22. ág. 1921.

3. gr.

Eigi má að nauðsynjalausum raska næturro manna með háreysti, hvelum, vélagauli, höggum á bæjarhús né öðru slíku, milli kl. 23 og 6.

II. KAFLI.

Veitingastaðir, gistihús, samkomur.

4. gr.

Sérstöku lögregluþirliti skulu þeir staðir háðir, þar sem sala veitinga, matar eða drykkjar, eða hýsing gesta er rekin sem atvinna. Skal löggæzlumönn-

16 um heimill gangur um húsakynni þau öll, sem notuð eru í sambandi við slíka
29. marz starfsemi.

5. gr.

Veitingasölu og hýsing gesta (gisting) má aðeins reka í húsum, sem eru vel til þess hæf að álitu héraðslæknis, svo sem að loftræsting og önnur heilbrigðis-skilyrði séu í góðu lagi, að til séu nægileg salerni, er gestum sé heimill gangur að til nota og þau auðveld til þrífnaðarviðhalds o. s. frv., enda komi samþykki sveitarstjórnarinnar til. Þetta gildir einnig um veitingastaði og gistihús, sem eldri eru en samþykkt þessi.

6. gr.

Sá, sem stundar veitingasölu eða gistihúshald, skal skyldur að viðhafa hreinlæti og þrífnað í húsum sínum og að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að neitt það fari fram í húsum hans eða landi, sem stríðir móti góðri reglu og velsæmi. Verði misbrestur á þessu, eða skilyrðum 5. gr. eigi fullnægt innan ákveðins tíma frá aðvörðun, getur lögreglustjóri bannað starfrækslu á staðnum um stundarsakir, eða að fullu, ef miklar sakir eru.

7. gr.

Veitingastöðum, gistihúsum og almennum samkomustöðum, skal loka frá kl. 23 til kl. 6. Allir gestir, sem eigi hafa náttað sig á staðnum, skulu vera farnir úr húsum þar áður en hálf stund er liðin frá lokun (kl. 23½). Á þeim tíma, sem lokað er (kl. 23—6) má engar veitingar selja né úti láta, nema greiða langferðamönnum, er síðar koma til næturgistingar á staðnum, eða aðhlynning þeim, er vegna slysa eða annara atvika þurfa hjálpar við, sbr. þó 9. gr.

Biðji maður um gistingu eða hjálp af yfirskeyni, til að komast inn á staðinn eða dvelja þar eftir að lokað er, að nauðsynjalaus og án þess að gista eðlilegri næturgistingu, telst hann hafa brotið þessa grein, og ber húsráðanda að kæra það fyrir lögreglustjóra; geri húsráðandi það ekki, ber hann ábyrgð á brotinu.

8. gr.

Á veitingastöðum, gistihúsum, almennum samkomum og í réttum má enginn hafa í frammi óróa, háreysti, áflog eða annað ofsafengið atferli, er valdið geti ónæði heimamönnum eða nágrönnum þeirra, spillt ánægju og skemmtun á samkomum eða tafið störf. Eigi má sýna af sér neinskonar ósæmilega eða hneykslanlega hegðun, né hafa hættuspil um hönd. Ölvuðum manni má eigi veita neitt það, er örvað geti eða viðhaldið öläði hans. — Í veitingastofum, tjöldum eða öðrum hóbýlum, þar sem veitingasala fer fram, má eigi neyta áfengis, nema áfengissala sé heimil (sbr. lög nr. 21, 1926, 11. gr.).

9. gr.

Vilji einstaklingur eða félag hafa almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleik, söngskemmtun, íþróttasýning, myndasýning o. s. frv., er

almenningi sé boðið til eða hafi gang að, og eigi að selja aðgang eða hafa veitingar á staðnum, skal leita leyfis til þess hjá hreppstjóra sveitarinnar. Sé sam- **16**
komunni ætlað að standa fram á nótt (milli kl. 23 og 6), skal hreppstjóri því **29. marz**
aðeins veita leyfið, að hann treysti umsækjanda til að gæta í öllu góðrar reglu og velsæmis á samkomunni, og að umsækjandi hafi á sinn kostnað tryggt sér nægilegt lið manna, er hreppstjóri geti valið úr menn til aðstoðar við eftirlit í þessu efni allan samkomutímann. Þeir skulu vera einkennisbúnir eða bera utan á sér merki stöðu sinnar á samkomunni.

Lokið skal aðgangssölu og samkomuhúsinu lokað kl. 23, en hreppstjóri getur leyft að veitingasala til samkomugesta fari fram meðan samkoman stendur. Fyrir leyfi til tækifærisveitinga ákveður hreppstjóri gjald, er renni í sveitarsjóð (sbr. og lög nr. 21, 1926, 13. gr.).

Fari nokkuð það fram er brýtur í bág við reglu eða velsæmi, er hreppstjóra heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

III. KAFLI.

Hundahald.

10. gr.

Hundar allir í sveitinni skulu bera merki eða mark, er glögglega sýni heimilisfang þeirra, annaðhvort á hálsbandi eða á eyrum (fjármark, ef lítið er). Allir hvatir hundar skulu vera geltir $\frac{1}{2}$ árs eða eldri, nema leyfi til undanþágu sé fengið hjá hreppsnefnd.

Ógeltir hundar skulu bera sérstakt auðsætt merki þess leyfis. Eftir lok maimánaðar 1932 skulu aðrir ógeltir og allir ómerktir hundar vera réttlausir í sveitinni.

IV. KAFLI.

Sektir og málsmeðferð.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Sektir renna í sveitarsjóð Mosfellshrepps.

16

29. marz

12. gr.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. apríl 1932.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. marz 1932.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

Gissur Bergsteinsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá um Minningarsjóð Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. marz 1932. Skipulagsskráin er þannig:

17

30. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita „Minningarsjóður Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi“ og er stofnaður til minningar um Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi í Langadal, er andaðist 28. ágúst 1911, 19 ára gömul.

Stofnfé sjóðsins er kr. 7606,73 — sjö þúsund sex hundruð og sex krónur 73 aurar — af eignum foreldra Oktavíu Þórðardóttur, hjónanna Þórðar Guðmundssonar og Önnu Magnúsdóttur, en stofnandi sjóðsins er móður hennar, ekkjan Anna Magnúsdóttir.

2. gr

Sjóðurinn er gefinn í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbankans í Reykjavík, að nafnverði kr. 7600,00 og innstæðu í sparisjóðsbók við útbú Landsbankans á Akureyri, kr. 6,73.

Jafnskjótt sem bankavaxtabréfin kunna að verða dregin út til innlausnar, skal kaupa fyrir andvirðið ný veðdeildarbréf Landsbanka Íslands eða önn-